

REGLUR LYKILS
FJÁRMÖGNUNAR HF.

PERSÓNUVERNDARSTEFNA -
REGLUR UM UPPLÝSINGAR
UM VIÐSKIPTAVINI



Efnisyfirlit

1. gr. Markmið og tilgangur	1
2. gr. Gildissvið og nýting upplýsinga.....	1
3. gr. Vistun upplýsinga og öryggi þeirra	1
4. gr. Aðgangur starfsmanna að upplýsingum	1
5. gr. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila	1
6. gr. Miðlun upplýsinga til viðskiptavina	1
7. gr. Ábyrgð og eftirlit.....	2
8. gr. Gildistaka og birting.....	2

1. gr.
Markmið og tilgangur

Reglur þessar eru settar á grundvelli 19. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en þar er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skulu setja sér reglur um hvernig haldið er utan um upplýsingar um einstaka viðskiptavini. Þá taka reglur Lykils fjármögnunar hf. (Lykill, félagið) einnig mið af ákvæðum fyrrgreindra laga um þagnarskyldu sem og meðferð og öryggi persónuupplýsinga en um hið síðarnefnda gilda lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Markmið reglnanna er að tryggja örugga meðhöndlun upplýsinga um viðskiptavini Lykils.

2. gr.
Gildissvið og nýting upplýsinga

Reglur þessar gilda fyrir alla starfsmenn Lykils, stjórnarmenn og endurskoðendur sem og aðra sem taka að sér verk fyrir félagið, hér eftir starfsmenn. Þá ná reglurnar til allra upplýsinga sem Lykill aflar og varðveitir um viðskiptavini félagsins. Upplýsingar um viðskiptavini skulu einungis nýttar í þeim tilgangi sem þeirra var aflað.

Reglurnar gilda um öll gögn sem aflað er hvort sem þau eru á rafrænu formi eða á pappír.

3. gr.
Vistun upplýsinga og öryggi þeirra

Lykill vistar allar upplýsingar um viðskiptavini sem félagið aflar við upphaf samningssambands og meðan á viðskiptasambandi stendur. Upplýsinganna er aflað hjá viðskiptavininum sjálfum og frá þriðja aðila, s.s. Creditinfo, og opinberum aðilum eins og Þjóðskrá Íslands og Fyrirtækjaskrá. Upplýsingarnar eru varðveittar eins lengi og lög mæla fyrir um og viðskiptalegar forsendur krefjast.

Upplýsingar eru vistaðar í samræmi við lög og reglur og Stefnu Lykils um upplýsingaöryggi.

4. gr.
Aðgangur starfsmanna að upplýsingum

Upplýsingar um viðskiptavini Lykils eru aðgangsstýrðar og hafa starfsmenn félagsins aðgang að upplýsingunum í samræmi við það sem starf þeirra krefst. Gætt er að því að aðgangur sé ekki rýmri en nauðsynlegt er.

5. gr.
Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Starfsmenn Lykils eru bundnir þagnarskyldu um allt sem varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptavina félagsins, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Lykli er þó heimilt að miðla til utanaðkomandi aðila upplýsingum um viðskiptavini að fengnu skriflegu samþykki þess viðskiptavinar sem í hlut á en í slíku samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingunum og í hvaða tilgangi þeim er miðlað.

6. gr.
Miðlun upplýsinga til viðskiptavina

Viðskiptavinur getur óskað eftir þeim persónuupplýsingum sem Lykill geymir og notkun félagsins á þeim. Beiðni um slíkar upplýsingar skulu vera skriflegar og eins skýrar og afmarkaðar og kostur er. Yfirlögfræðingur Lykils leggur mat á hvort viðskiptavinur eigi rétt á umbeðnum upplýsingum. Lykill afhendir hvorki vinnugögn né tölvupósta starfsmanna.

Lykli er heimilt að innheimta gjald, að teknu tilliti til takmarkana lögum samkvæmt, fyrir vinnu við að taka saman gögn sem viðskiptavinur óskar eftir í samræmi við birta gjaldskrá félagsins.

**7. gr.
Ábyrgð og eftirlit**

Starfsmenn Lykils fá úthlutað auðkenni og er aðgangur að baki auðkenni takmarkaður við það sem nauðsynlegt er starfs þeirra vegna. Stjórnendur bera ábyrgð á að veittur aðgangur sé ekki rýmri en nauðsynlegt er. Upplýsingaöryggisstjóri Lykils hefur reglulegt eftirlit með meðferð og vinnslu upplýsinga. Þá gerir innri endurskoðandi félagsins árlega úttekt á aðgangsheimildum og aðgangsstýringum í upplýsingakerfum Lykils.

**8. gr.
Gildistaka og birting**

Reglur þessar eru samþykktar af framkvæmdastjóra og taka gildi við undirritun.

Reglur þessar skal birta á vefsíðu Lykils, www.lykill.is

Reykjavík, 3. júlí 2018

Framkvæmdastjóri Lykils fjármögnunar hf.

